

Valgreinar 2019-2020

Stundaskrá verður sett upp með öðru sniði en undanfarin ár. Helsta breytingin er sú að tímar verða næsta vetur ýmist 30 eða 60 mínútur (og í einstaka tilfellum 90 mínútur) í stað 20-40-60-80 mínútur. List- og verkgreinum verður fjölgað hjá nemendum og valgreinar settar upp í lotur sem eru í 6 vikur með það að markmiðið að auka verulega fjölbreytini valgreina fyrir nemendur í 8.- 10. bekk.

Stefnt er að því að kennsla hefjist kl. 8:20 alla morgna en mismunandi eftir dögum hvenær kennslu lýkur:

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14:30

Miðvikudaga kl. 14:00

Föstudaga kl. 13:30

Þetta er hægt með því að binda ferðlög sem 8. – 10. bekkur fer í sem val og ferðalög eru því skylda og þau tejust þá til valgreina. Með þessu móti minnkar einnig biðtími yngri nemenda þart sem kennslu allra árganga lýkur á sama tími miðvikudaga og föstudaga.

Þegar nemandi velur sér valgrein er mikilvægt að hann velti öllum möguleikum vel fyrir sér og ræði hugmyndir sínar við foreldra eða forráðamenn. Valið á að byggja á áhuga og þörfum hvers og eins en ekki því hvert félagarnir stefna. Hafið í huga að valgreinar eru jafn mikilvægar og aðrar námsgreinar og kröfur um ástundun og árangur jafnmiklar og í öðrum greinum. Ekki er víst að hægt verði að verða við öllum óskum nemenda um valgrein. Greinar geta fallið niður vegna lítillar þátttöku eða annarra ófyrirséðra orsaka. Einnig getur komið fyrir að fleiri sækja í greinar en hægt er að koma að.

Hér er yfirlit yfir valgreinar en nánar má lesa um hverja grein á heimasíðu

Valblaðið verður svo auglýst sérstaklega í næstu viku.

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur	
2x30	Skólahreysti	3x30	Heimilisfræði	1x30	Blak	3x30	Heimilisfræði
2x30	Hljómsveit/samspil	3x30	Legó, róbótar og forritun	1x30	Tálgun	3x30	Legó, róbótar og forritun
2x30	Kór	3x30	Skák	1x30	Tónlistin mín	3x30	Ljósmyndun
2x30	Duolingo	2x30	Smíði	1x30	Forritun 8-10 hámark	2x30	Smíði
2x30	Líkamsrækt	2x30	Prjón	1x30	Skólablað	2x30	Prjón
2x30	Matreiðsluþættir	3x30	Spurningaleikir og keppni	1x30	Ljóðagerð	2x30	Badminton
2x30	Zumba	1x30	Tónlist í tölvum	1x30	Þjónsta og framreiðsla	3x30	Borðspil
2x30	Hvað ætlar þú að verða?	1x30	Hundar sem gæludýr	1x30	Enski boltinn	1x30	Skólavinur - starfsnám
2x30	Heimspeki	1x30	Yndislestur	1x30	Hlaupa- og þrekval	1x30	Góðgerðarmál og endurvinnsla
2x30	Skyndihjálp	1x30	Jóga - slökun	1x30	Hárgreiðsla	1x30	Fjölmiðlun
2x30	Furðusögur og ævintýri.	2x30	Kvikmyndaval	1x30	Vatnslitamálnun	1x30	Undirbún. ökunáms
2x30	Tölvuleikir og samfélagsmiðlar	1x30	Spilastokkurinn	3x30	Leiklistarval		
		2x30	Körfubolti				

Efnisyfirlit

Forritun.....	3
Blak.....	4
Tálgun.....	4
Tónlistin mín.....	4
Skólablað.....	5
Ljóðagerð.....	5
Þjónusta/framreiðsla.....	5
Enski boltinn.....	6
Hlaupa- og þrekval.....	6
Hárgeiðsla.....	6
Vatnslitamálan.....	7
Matreiðsluþættir.....	7
Heimilisfræði.....	8
Legó, róbótar og forritun.....	8
Smíði.....	9
Prjón.....	9
Skák.....	10
Spurningaleikir og keppni.....	10
Tónlist í tölvum.....	11
Hundar sem gæludýr.....	12
Yndislestur.....	12
Jóga – slökun.....	13
Kvikmyndaval.....	13
Spilastokkurinn.....	14

Ljósmyndun	14
Badminton.....	15
Borðspil.....	15
Skólavinur	16
Góðgerðarmál og endurvinnsla.....	16
Fjölmíðlun.....	17
Undirbúningur ökunáms	17
Skólahreysti.....	18
Hljómsveit - samspil	18
Kór	18
Duolingo	19
Líkamsrækt	20
Zumba	20
Hvað ætlar þú að verða?	21
Heimspeki	21
Leiklistarval	22
Furðusögur og ævintýri.....	22
Skyndihjálp	23
Tölvuleikir og samfélagsiðlar	23
Körfubolti.....	24

Forritun

Forritun	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat

Dagar: Miðvikudagur Tímafjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 10	-unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum, -nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt, -beitt réttri fingrasetningu	Í valgreininni verður unnið í grunnforritun. Nemendur fá að spreyta sig á verkefnum og búa til leiki.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.
--	---	---	---

Blak

Blak	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur. Tímafjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: Ekki tilgreint.	-tekið þátt í hópsþróttum, einstaklingsþróttum og heilsurækt innan og utan skólans	Kennd verða undirstöðuatriði í blaki, uppgjafir, móttaka, fingurslag og smass, farið verður yfir stöður á vellinum í sex manna blaki og kenndar helstu reglur og tækniatriði til að auka skilning á íþróttinni. Valgreinin snýst einnig um að hafa gaman af íþróttinni og njóta þess að spila.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Tálgun

Tálgun	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímafjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	-valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra, hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu, -beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.	Kennd verða undirstöðuatriði í tálgun, efnisval og beitingu hnífa.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Tónlistin mín

Tónlistin mín	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímafjöldi: 6 x 60 mín.	- greint og útskýrt ólík tónlistarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í	Nemendur velja sitt uppáhalds lag/lög/tónlistarmenn og afla upplýsinga um listamanninn, lagið eða hljómsveitina. Greina	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum

Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi.	hvað þeim þykir áhugavert við lagið, greina textann og lýsa hvaða áhrif lagið og textinn hafa. Skoða hvaða hljóðfæri eru notuð og á hvaða hátt. Verkefnið kynnt með tali og tóndæmum. Bæði unnið í hópum og í einstaklingsverkefnum.	nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.
--	--	--	--

Skólablað

Skólablað	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímaffjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	- valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi, - notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá. -kynnist fjölmiðlum, sögu þeirra og starfsemi -læri að afla fréttu og vinna þær til miðlunar, taka viðtöl og vinna til birtingar með mismunandi aðferðum og temja sér fagleg vinnubrögð og vandvirkni í meðferð heimilda.	Að nemendur kynnist ólíkum vinnubrögðum fyrir prentaða miðla og ljósvakamiðla. Nemendur halda úti skólablaði þar sem verða fréttir úr skólanum og af öðru sem nemendur telja áhugavert og hefðir í skólablaði segja til um. Hver lota vinnur með ólíka þætti skólablaðsins.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Ljóðagerð

Ljóðagerð	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímaffjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: Ekki tilgreint	- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.	Nemendur fá aðstoð við skapandi skrif í gegnum ljóð, vísur og prósa. Aðstoðað verður við bragfræði fyrir þá sem vilja yrkja samkvæmt henni. Ljóðum safnað saman í hefti úr námskeiðinu og birt á hentugan hátt og eftir vilja nemenda.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Þjónusta/framreiðsla

Þjónusta/framleiðsla	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat

Dagar: Miðvikudagur Tímafjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	-gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar, -sýnt sjálfsgætu, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,	Kynning á menntun og starfi framreiðslumanna. Nemendur læra að leggja á borð og skreyta borðin fyrir mismunandi tækifæri. Nemendur læra að gera óáfenga kokteila. Nemendur læra að nota kaffivél og gera kaffidrykki.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.
--	--	---	---

Enski boltinn

Enski boltinn	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímafjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	-gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar, -sýnt sjálfsgætu, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,	Kíkt verður á svipmyndir frá leikjum helgarinnar. Nemendur skrifa stuttar skýrslur/fréttir um einstaka leiki. Umræður um einstaka atvik, s.s. flott mörk, skemmtilegt spil, markvörslu, varnarleik, umdeild atvik o.fl. Innsýn inn í enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum, t.d. ýmis tölfræði, efri og neðri deildir, árangur einstaklinga og liða, leikgreining, eldri leikir, vettvangsferð.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Hlaupa- og þrekval

Hlaupa- og þrekval	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímafjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	-gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar, -sýnt sjálfsgætu, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,	Nemendur læri að setja saman eigin skokkáætlun, beiti réttri líkamsbeitingu í skokki, nýti styrk og þol og geti við lok námskeiðsins skokkað samfellt ákveðna vegalengd (5-10 km). Kennar einfaldar þrekæfingar með eigin líkamsþyngd undir leiðsögn kennara. Hlaupið verður í nágrenni skólans eða í þreksal ef veður leyfir ekki útveru og mikilvægt að nemandinn sé í góðum hlaupaskóm og léttum klæðnaði sem tekur mið af veðri.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Hárgreiðsla

Hárgreiðsla	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímafjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6	-gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar,	Settar upp einfaldar greiðslur í sjálfan sig og/eða aðra. Gerðar fastar fléttur með þremur til fimm lökkum. Kenni á ýmis tæki	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann

Hámarksfjöldi nemenda: 12	-sýnt sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,	til að krulla, slétta, eða bylgja. Læra um almenna umhirðu hárs og þau efni sem eru góð og slæm fyrir hárið.	eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.
---------------------------	---	--	---

Vatnslitamálun

Vatnslitamálun	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Miðvikudagur Tímalfjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	-greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni, -sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal, -skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,	Kennd undirstöðuatriði í vatnslitamálun.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Matreiðsluþættir

Matreiðsluþættir	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagur Tímalfjöldi: 6 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna, - hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði, - tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi, -skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga, -beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt.	Í þessum áfanga mætist tæknin og eldamennskan. Nemendur búa til matreiðsluþætti þar sem skoðaður er ferill hráefnisins frá upphafi til enda. Sem dæmi gætu nemendur farið í berjamó að hausti og unnið svo úr berjauppskerunni í heimilisfræði, sultað, bakað og eldað. Allt er tekið upp og búinn til þáttur um ferlið. Önnur dæmi væru að heimsækja fiskvinnslu, kjötvinnslu, veitingastaði, bakarí, mjólkurbú, eggjabú og vinna svo úr þeim hráefnum sem þessir staðir bjóða upp á. Að hausti væri farið í hugmyndavinnu með nemendum þar sem þeir gætu komið sínum hugmyndum á framfæri	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Heimilisfræði

Heimilisfræði	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar og fimmtudagar Tímafjöldi: 12 x 90 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 10	-farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu, -skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni, - beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld.	Nemendur finna uppskriftir að hausti sem þeir vilja prófa og kennari velur úr það sem hentar. Unnið verður með fjölbreytt hráefni og sem flestar eldunaraðferðir prófaðar. Bakstur í þessum áfanga munu nemendur kynnst matarmenningu ýmissa landa. Ýmist verður fengist við bakstur eða matargerð og lagt verður upp með að nemendur kynnist sem flestum eldunar- og bakstursaðferðum. Stefnt er að heimsóknunum í bakarí og veitingastaði þar sem nemendur geta tengt nám sitt við atvinnulífið. Nemendur taka þátt í að velja lönd sem þeir vilja kynnst og finna uppskriftir sem þeim þykir spennandi að prófa. Ýmist verður fengist við bakstur eða matargerð og lagt verður upp með að nemendur kynnist sem flestum eldunar- og bakstursaðferðum	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Legó, róbótar og forritun

Legó, róbótar og forritun	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar og fimmtudagar Tímafjöldi: 12 x 90 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	- hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu, - sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu, -gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar.	Valgreinininni er skipt í þrennt. Í fyrsta lagi eiga nemendur að hanna, byggja og forrita vélmenni sem getur leyst einfaldar þrautir. Í öðrulagi er það nýsköpunarhlutinn. Þar eiga nemendur að skapa eitthvað sem tengist þema verkefnis. Þessi hluti er mjög opin og skiptir áhugi, túlkun og dugnaður nemenda öllu máli. Þriðji hlutinn er svo skrásetning, skipulagning og umgjörð um verkefnið.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Smíði

Smíði	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar og fimmtudagar Tímafjöldi: 12 x 90 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	- geti valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra, -geti útskýrt hugmyndir sínar og fríhendis- og með grunnteikningu, -geti framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töpun og skrúfur, -unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnis-lista og reiknað kostnað.	Nemendur vinna verkefni sín hver á sínum forsendum. Hugmyndavinna, sköpun, sýnikennsla og verklegar æfingar. Nemendur saga, pússa, skreyta, hanna, líma, skrúfa, lakka ofl. Nota tifsög, súluborvél (bora undir 8 mm) og rennibekk. Nota rafmagnshandverkfæri t.d. borvél, pússvél og stingsög.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Prjón

Prjón	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar og fimmtudagar Tímafjöldi: 12 x 60 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda: 12	- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða, -rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði, -unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.	Nemendur vinna verkefni sín hver á sínum forsendum. Bæði unnið með prjón og hekl.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Skák

Skák	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímafjöldi: 6 x 90 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	- bera viðingu og vera áhugasamur fyrir viðfangsefninu, - vinna eftir fyrirætlunum, - sjálfstæð vinnubrögð.	Markmið að auka færni nemenda og áhuga á skáklistinni. Fjallað verður um helstu reglur og aðferðir sem notaðar eru í skák, t.d. byrjanir, miðtöfl, endatöfl, fléttur og að máta. Farið verður yfir valda kafla úr skáksögunni og skákir meistara á borð við Morphy, Lasker, Capablanca, Aljekín, Botvinnik, Fischer, Karpov, Kasparov og Carlsen skoðaðar. Áhersla verður lögð á að skoða hvernig hægt er að nota tölvur til að auka færni sína í skák, bæði með því að tefla á netinu á www.Chess.com og með því að nota öflug skákforrit á borð við Stockfish og Houdini.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Spurningaleikir og keppni

Spurningaleikir og keppni	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímafjöldi: 6 x 90 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	- aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi, - sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu, .	Hugsuð fyrir þá sem hafa áhuga á spurningaleikjum og spurningakeppnum. Bæði til að svara spurningum og búa þær til. Staðið verður fyrir a.m.k. einni stærri keppni. Nemendur munu auk þess fylgjast með fréttum samtímans, lesa og ræða	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Tónlist í tölvum

Tónlist í tölvum	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímalfjöldi: 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	- byggt á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla hvað varðar hugmyndavinnu, tæknipjálfun og framkvæmd.	Nemendur kynnist einföldum hugbúnaði til að búa til tónlist og fá nokkra innsýn og þjálfun í að nota hann við eigin tónlistarsköpun. Kynnt verða undirstöðuatriði og uppbygging laga og nemendur gera tilraunir og vinna að eigin hugmyndum. Unnið verður með einfaldan hugbúnað sem hentar bæði byrjendum og hugsanlega þeim sem eru lengra komnir. Bæði verður notast við innbyggð hljóð og takt forritanna sjálfra og taktslátt, hljóð og ef til vill einfalt hljóðfæraspil nemenda við útfærslu eigin hugsmíða. Unnin verða æfingaverkefni, einstaklings- og samvinnuverkefni og nemendur skila í lokin afrakstri vinnunnar í formi eigin tónverks. Hvatt er til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi úrlausna. Námskeiðið er ætlað byrjendum. Hvorki eru gerðar kröfur til þess að nemendur kunni á hugbúnað né hljóðfæri.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Hundar sem gæludýr

Hundar sem gæludýr	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímalfjöldi: 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	- bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysaáhrifum í umhverfinu og náttúrunni, -lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta, - vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.	Áfanginn er fyrir þá nemendur sem eiga eða langar að eiga hunda sem gæludýr. Markmiðið er að nemendur læri um mismunandi hundategundir og eiginleika þeirra, verði meðvitaðir um ábyrgð hundaeigenda, læri að skilja hundinn sinn og geti nýtt sér einfaldar þjálfunaraðferðir. Kynnist daglegri umhirðu hunda og mikilvægum þáttum í samskiptum þeirra við fólk og njóti útiveru og samveru með hundum. Kynnist öðrum nemendum með sama áhugamál.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Yndislestur

Yndislestur	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímalfjöldi: 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.	Áfanginn er fyrir þá nemendur sem vilja þjálfa lestrarfærni sína og um leið að njóta góðra bóka.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Jóga – slökun

Jóga - slökun	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímafjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	- gert auðveldar jógaæfingar sem reyna á stöðujafnvægi, hreyfijafnvægi, lipurð og samhæfingu. -skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar - beitt auðveldum öndunaræfingum og skilið mikilvægi öndunar í jógaástundun sem og í hinu daglega lífi - lært að nota öndun sem hjálpartæki - náð góðri slökun - hugleitt í stuttan tíma	Áfanginn er fyrir þá nemendur sem vilja þjálfa líkama og sál á grundvelli jóga og slökunar.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Kvikmyndaval

Kvikmyndaval	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímafjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	-að vekja áhuga á bíómyndum, gömlum sem nýjum, -að geta lagt mat á og skilið fjölbreytt úrval bíómynda með tilliti til ýmissa þátta, svo sem sögusviðs, tæknibrella, leikmyndar og leikstjórnun.	Nemendur horfa á hinar ýmsu bíómyndir, gamlar sem nýjar. Nemendur greina svo myndirnar og leggja mat á þær jafn óðum. Unnir verða dómur um myndirnar.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Spilastokkurinn

Spilastokkurinn	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Þriðjudagar Tímalfjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	Spilastokkurinn tekur á öllum markmiðaflokkum Aðalnámskrárinnar, bæði aðferðamarkmiðum og inntaksmarkmiðum. Hægt er í raun að tengja spilin við alla þættina í Aðalnámskránni, þó mismikið. Ekki er hægt að tengja hvert spil við alla þættina, heldur taka spilin á mismörgum þáttum hverju sinni.	Kennd ýmis spil sem spiluð eru með venjulegum spilum. setjast niður og spila á venjuleg spil og spjalla saman.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Ljósmyndun

Ljósmyndun	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Fimmtudagar Tímalfjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	- geta beitt ljósmyndavél og tilheyrandi búnaði við ólíkum og óvæntum aðstæðum með hliðsjón af fjölbreyttum forsendum, -geta beitt margvíslegum tækjabúnaði s.s. ljósabúnaði og aðferðum við myndatökur í myndveri og á vettvangi, -þekki grunnlögmál í ljós-, linsu- og litafræði, -þekki vel tjáningarmöguleika ljósmyndunar og góða myndbyggingu.	Námskeiðið byggir á að nemendur kynnist og fái nokkra þjálfun í að taka ljósmyndir og vinna með þær í myndvinnsluforriti í tölvu /i-pad. Farið verður yfir nokkrar grunnhugmyndir ljósmyndunar s.s. myndefni og myndbyggingu í formi og lit og helstu möguleika tækninnar til að klippa og breyta ljósmyndum. Nemendur vinna æfingaverkefni sem þjálfra færni þeirra á þessu sviði.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Badminton

Badminton	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Fimmtudagar Tíma fjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	Að auka færni nemenda í badminton.	Það verður lögð áhersla á spil, taktískar æfingar og leiki tengda íþróttinni.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Borðspil

Borðspil	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Fimmtudagar Tíma fjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	-hæfni í tungumálinu sem skiptir sköpum, en nemendur þurfa að ræða saman eða eiga samskipti og tjáskipti, -stærðfræði og tengsl hennar við daglegt líf. Í öllum spilum er hægt að finna viðfangsefni sem tengjast stærðfræði og nemendur átta sig ekki alltaf á þeim lærdómi sem þeir öðlast með því að spila fjölbreytileg spil, -félagsleg samskipti, en í gegnum spil gefst gott tækifæri að þjálfa ýmsa félagslega þætti, s.s. samvinnu, samskiptareglur, að tapa, að sigra og gleðjast með öðrum.	Ætlað nemendum sem finnst gaman að spila eða vilja öðlast meiri þekkingu á spilum. Spil valin í samráði við nemendur.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Skólavinur

Skólavinur	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Fimmtudagar Tíma fjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	-að gefa nemendum tækifæri til að taka þátt í skapandi starfi og fá tilbreytingu frá hefðbundnu bóknámi, -að þjálfar nemendur í samskiptafærni, -að vera fyrirmynd annarra nemenda, -að veita innsýn í störf uppeldisstétta.	Nemendur taka þátt í skapandi starfi yngri nemenda skólans og aðstoðar þá í tímum. Í lok skóladags fylgir nemandi yngri nemendum í frístund. Einnig er möguleiki að skoða önnur samfélagsverkefni utan skóla.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Góðgerðarmál og endurvinnsla

Góðgerðarmál og endurvinnsla	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Fimmtudagar Tíma fjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	-að nemendur skapi eitthvað nýtt úr endurvinnanlegu efni (skapi ný verðmæti úr “engu”), -að nemendur velti fyrir sér mikilvægi endurvinnslu, flokkunar og nýtingar efna s.s. plast og pappír, -að nemendur láti gott af sér leiða, -að nemendur verði sér úti um efni til sköpunar og noti ímyndunaraflíð.	Við veltum fyrir okkur efnun og möguleikum og látum ímyndunaraflíð leiða okkur á nýjar brautir. Allir vinna að góðgerðarverkefni, sjálfstætt eða í hóp. Tekið verður tillit til áhugasviðs nemenda í útfærslum verkefna eftir fremsta megni. Förun í heimsóknir sem tengjast góðgerðarmálum og endurvinnslu s.s. í fyrirtæki og stofnanir og skoðum ýmsa möguleika í sameiningu.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Fjölmiðlun

Fjölmiðlun	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Fimmtudagar Tímafjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	-að nemendur kynnist fjölmiðlum, sögu þeirra og starfsemi. -að nemendur læri að afla fréttu og vinna þær til miðlunar, taka viðtöl og vinna til birtingar með mismunandi aðferðum og temja sér fagleg vinnubrögð og vandvirkni í meðferð heimilda, -að nemendur kynnist ólíkum vinnubrögðum fyrir prentaða miðla og ljósvakamiðla.	Nemendur halda úti skólablaði þar sem verða fréttir úr skólanum, hverfinu og af öðru sem nemendur telja áhugavert. Nemendur lesa sér til um sögu fjölmiðla, kynna sér íslenska fjölmiðla og fræðast um starfsemi þeirra. Stefnt er að heimsóknum á allar tegundir miðla (prent-, ljósvaka- og netmiðla).	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Undirbúningur ökunáms

Undirbúningur ökunáms	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Fimmtudagar Tímafjöldi 6 x 30 mín. Lotufjöldi: 6 Hámarksfjöldi nemenda:	-að nemendur öðlist skilning á umferðinni í nútíma samfélagi svo sem umferðarreglum, lestri umferðar og umferðarmerkjum, -bifreiðin og umhirða, öryggisbúnaður, ástand, kostnaður við rekstur, -aksturinn og hinn mannlegi þáttur, vegurinn vegfarendur, ábyrgð, tryggingar, -að undirbúa nemendur að taka bílpróf.	Undirbúningur fyrir ökuþróf.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Skólahreysti

Skólahreysti	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímafjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	-gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol, -sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu, -gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman.	Megin áhersla áfangans verður að þjálfna þol, snerpu, og kraft með fjölbreyttum æfingum. Leitast verður eftir að bæta grunnstyrk þar sem unnið er með eigin líkamsþyngd. Nemendur æfa sig í þeim greinum sem keppt er í skólahreysti (hraðabraut, hreystigrip, dýfur, armbeygjur og upphíingar).	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Hljómsveit - samspil

Hljómsveit - samspil	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímafjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	-tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju, - notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og / eða hljóðverk.	Æfingar með það að markmiði að búa til hljómsveit. Hljómsveitin mun æfa lögin og spila undir í grín og söngleik leiklistarvals.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Kór

Kór	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímafjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	-að nemendur öðlist færni í að vinna að sameiginlegu markmiði í hóp. -að nemendur fái reynslu og þjálfun í að koma fram,	Kóræfingar	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

	<p>-að nemendur kynnist og læri fjölbreytta tónlist á mörgum tungumálum,</p> <p>-að nemendur syngi ólíkar tónlistartegundir eins og klassík, vísnasöng og popp,</p> <p>-að nemendur kynnist tónlistarstarfi okkar (þjóðlögum, þjóðvísum og íslenskri tónlist),</p> <p>-að nemendur læri grundvallaratriði í raddbeitingu,</p> <p>-að nemendur þroski rödd sína og þrói,</p> <p>-að nemendur öðlist þjálfun í nótnalestri,</p> <p>-að nemendur fái þjálfun í að syngja eftir kórnotum.</p>		
--	---	--	--

Duolingo

Duolingo	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímafjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	-að kynnast nýju tungumáli og ná tökum á einföldu daglegu máli með hjálp smáforrits.	Nemendur velja sér tungumál sem þeir læra gegnum Duolingo.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Líkamsrækt

Líkamsrækt	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímalfjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	-að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði -að þjálfa þol, þrek og rétta líkamsbeitingu og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.	Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í líkamsræktarsal	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Zumba

Zumba	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímalfjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	-að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði -að þjálfa þol, þrek og rétta líkamsbeitingu og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.	Danstímarnir byggja á suðrænni stemmingu og miklu fjöri. Þetta er eitt af því vinsælasta í dag fyrir þá sem elska að dansa þar sem spörin eru mjög einföld	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Hvað ætlar þú að verða?

Hvað ætlar þú að verða?	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímaffjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	- að undirbúa nemendur fyrir fram tíðina og vera virkir þjóðfélagsþegnar.	Náms- og starfsfræðsla fyrir nemendur. Hvað langar mig til að gera í lífinu? Hvað hefur áhrif á val. Framhaldsskólar- Fjallað er um mun á bekkjar- og fjölbrautakerfi, einingar, inntökuskilyrði o.fl. Vinnumarkaðurinn- Hvers vegna vinnum við? Nemendur kynna sér helstu atvinnugreinar og starfsstéttir á Íslandi. Fjallað verður um kynjaskiptingu á vinnumarkaði og jafnrétti kynjanna. Atvinnumál- Hvernig sækir maður um starf? Hæfni, kunnátta og færni. Gerð starfsumsóknna og ferilskrár- Rafræn ferilskrá (Europass).	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Heimspeki

Heimspeki	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímaffjöldi 2x30 Lotufjöldi: Allur veturinn Hámarksfjöldi nemenda:	Helstu markmiðin eru að þjálf nemendur í heimspekilegri samræðu og efla með þeim gagnrýna hugsun.	Heimspekítímarnir byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver eru helstu viðfangsefni hennar. Aðallega verður notast við efni sem sótt er á ýmsa vefi um heimsspeki með börnum og unglingum til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Einnig verður stuðst við valda kafla úr bókunum Hugsu og Veröld Soffíu. Þegar líður á haustið fara þátttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Leiklistarval

Leiklistarval	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Allir dagar í lotu 6 Tímafjöldi 70x30 Lotufjöldi: 1 Hámarksfjöldi nemenda:	Helstu markmiðin eru að þjálfa nemendur í framsögn, leik og tjáningu. Einnig að þjálfa sviðsmenn, hljóðmenn og aðra sem að verkinu koma.	Grín og söngleikur. Mikilvægt að fá ekki bara leikara og söngvara, einnig hljóðmenn, jósamenn, sviuðsmenn og fleiri. Kennt verður eftir hádegi mánudaga – fimmtudaga. Ger þarf ráð fyrir því að vera lengur fram eftir ddegi síðustu daga fyrir frumsýningu en í staðin er ekki kennsla hjá þessum hóp eftir hádegi í síðustu viku lotunnar.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Furðusögur og ævintýri

Heimspeki	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímafjöldi 2x30 Lotufjöldi: 1 Hámarksfjöldi nemenda:	kynnist betur furðusagnabókmenntagreininni, -átti sig á tengslum nútímaverka við fornar goðsagnir og ævintýri og þekki vísanir í þær. Valdir kaflar úr furðubókmenntum, smásögur, ævintýri, þjóðsögur og goðsagnir, myndbútar úr kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.	Valfag fyrir aðdáendur furðusagna eins og t.d. Harry Potter, Hobbitans, Narniu, Star Wars og Stranger Things. Hér munu furður og töfrar ráða ríkjum. Lesnar verða furðusögur eftir mismunandi höfunda, þjóðsögur víðsvegar að úr heiminum og skoðaðir furðusjónvarpsþættir og sérvaldar furðukvikmyndir. Við skoðum einnig uppruna ævintýravera og tengsl við gamlar þjóðsögur og goðsagnir. Hvaðan koma t.d. hugmyndir um blóðsugur og hafmeyjar? Hver er uppruni kentára og mínótára ? Eru allar nornir gamlar og ljótar? Námsefni verður bæði á íslensku og ensku. Nemendur lesa valið efni, hlusta á innlagnir, horfa á myndskreið og taka þátt í umræðum. Nemendur vinna einnig skapandi verkefni. Búa til eigin furðulist s.s. myndasögu, myndverk, stuttmynd, handrit, furðusögu og safna í sýnimöppu.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Skyndihjálpar

Skyndihjálpar	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tíma fjöldi 2x30 Lotufjöldi: 1 Hámarksfjöldi nemenda:	Að þátttakendur öðlist grunnfærni í að beita skyndihjálpar og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum.	Kynning; hvað er skyndihjálpar? Undirstöðuatriði; streita í neyðartilfellum, tilfinningarleg viðbrögð eftir að hafa veitt skyndihjálpar, sálrænn stuðningur og að forðast sýkingar. Fjögur skref skyndihjálpar; tryggja öryggi á vettvangi, meta ástand slasaðra eða sjúkra, sækja hjálpar og veita skyndihjálpar. Grunnendurlífgun og sjálfvirkt hjartastuð; að athuga viðbrögð, að opna öndunarveg, að athuga öndun, hjartahnoð og blástursaðferð, sjálfvirkt hjartastuð (AED), endurlífgunarkeðjan, hliðarlega og losun aðskotahlutar úr öndunarvegi. Skyndihjálpar; stutt umfjöllun um innvortis- og útvortis blæðingar, bruni, höfuðhögg, brjóstverkur (hjartaáfall), bráðaofnæmi og heilablóðfall.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Tölvuleikir og samfélagsiðlar

Tölvuleikir og samfélagsmiðlar	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tíma fjöldi 2x30 Lotufjöldi: 1 Hámarksfjöldi nemenda:	Að nemendur skoði notkun sína á tölvuleikjum og samfélagsmiðlum og meti hvaða áhrif þeir hafa á líf þeirra. Kostir og gallar notkunar tölvuleikja og samfélagsmíla skoðaðir	Hver og einn skoðar sína notkun og kynnir sjálfsskoðun sína. Hver og einn setur upp áætlun um notkunarmynstur og kynnir fyrir foreldrum sínum.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.

Körfubolti

Blak	Kennari:		
Kennsluupplýsingar:	Hæfniviðmið	Inntak námsefnis, bækur, gögn og vinnuaðferðir	Námsmat
Dagar: Mánudagar Tímalfjöldi 2x30 Lotufjöldi: 1 Hámarksfjöldi nemenda:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á knattækni. leikfræði, leikreglum, helstu þjálfunaraðferðir s.s þol, styrk og liðleika, mikilvægi fjölbreyttra tækni- og leikæfinga í körfubolta	Þjálfun og færni í íþróttinni.	Leiðsagnarmat. Lokamat greinir frá styrkleikum nemandans og hvað hann eigi að leggja áherslu á næst. ABC gefið fyrir námsframvindu.